



## **Fundargerð stjórnarfundar VM nr. 204**

Dagsetning: Fimmtudagur 12. mars 2026

Fundarstaður: VM húsinu, stórhöfða 29.

Tími: kl. 09:00-11:36

Mættir voru: Guðmundur Helgi Þórarinnsson, Sigurður Gunnar Benediktsson, Gunnar Sigurðsson, Einar Óskar Friðfinnsson, Ingi Bogi Hrafnsson, Kristmundur Skarphéðinsson, Valbjörn Jón Höskuldsson.

Á fjarfundi voru: Helgi Már Sigurgeirsson, Pétur Freyr Jónsson.

Ritari Ástrós Brynjarsdóttir.

### **Dagskrá fundar:**

1. Frágangur á fundagerð stjórnarfundar VM nr. 203
2. Skýrsla formanns
3. Aðalfundur
4. Yfirlitsskýrsla Fagfélaganna
5. Sjúkrasjóður
6. Viðræður við FIT
7. Önnur mál

### **Fundargerð:**

- 1. Frágangur á fundagerð stjórnarfundar VM nr. 203**

Fundargerð samþykkt og send í rafræna undirritun.

## 2. Skýrsla formanns

Á fundinum var farið yfir það helsta frá síðustu stjórnarfundum, einkum umræður um lífeyrismál og hugmyndir um örorkugegnumstreymissjóð sem yrði á forsjá ríkisins. Rætt var um fjármögnun slíks sjóðs og áhrif hans á mismunandi lífeyrissjóði. Mikil fundarhöld hafa verið um málið, bæði innan VM og ASÍ. Ljóst er að ef orðið verður við þessu losna sjóðir við örorkuþáttinn og að ríkið reki einn örorkugegnumstreymissjóð til að jafna leikreglur fyrir þá sem lenda í örorkubótum en einnig til að jafna reglur um ávinnsluréttindi í lífeyrissjóðum. Stefnt er að því að málið komi inn á næsta haustþing.

Einnig var fjallað um verðkúrfu sem notuð er í verðlagningu á botnfiski sem snýst um nýtingarprósentu í útreikningum. Áður var ekki aðgengi að útreikningum á nýtingu en nú hafa verið gerðar breytingar á kúrfu sem byggir á gögnum frá fjölda frystihúsa. Þrír hagfræðingar, þar af tveir frá stéttarfélögum sjómanna, hafa tekið þátt í útreikningunum. Ákveðnar varnir hafa verið gerðar, nýting fer ekki upp fyrir 55% og ekki niður fyrir 45%. Umræða hefur staðið um þetta mál og er breytingin talin stórt skref í rétta átt.

Þá var rætt um loðnuverð og mikinn mun á verði hérlendis og í Færeyjum. Verið er að reyna að komast að hjá stjórnvöldum til umræðu um aðgang að útflutningsskýrslum til að fá upplýsingar um útflutningsverð. Bent var á að verðlagning á loðnu í bræðslu og loðnuhvat sé óásættanleg en miklir hagsmunir eru í húfi. En til þess að fá sannanir á verðlagningum þarf að komast í útflutningsgögn, til þess þurfa stjórnvöld að gefa okkur leyfi og höfum við ekki komist þar að.

Staða á vatnslögnum við raðhús á Laugarvatni var einnig tekið fyrir. Ástand vatns- og hitalagna var metið slæmt og ákveðið að endurnýja þær með uppsetningu forhitara og lokuðu kerfi, ofnar sem eru lélegir yrðu endurnýjaðir og þetta fært úr húsinu og sett í stað í gryfju sem er þar til staðar. Samið hefur verið við pípulagningarmann og er kostnaður áætlaður um 9 milljónir króna. Samþykkt var að halda áfram með verkið til að tryggja að hægt sé að leigja húsin út í sumar. Ef kostnaður færi umfram áætlanir skyldi upplýsa stjórn áður en haldið er áfram.

## 3. Aðalfundur

Farið var yfir undirbúning aðalfundar en ákveðið að fara yfir aðalfundarmál nánar á næsta fundi.

Umræða var þó um að þetta yrði fyrsta skiptið sem yrði kosið eftir að lögunum var breytt. Auk þess var rætt um að á aðalfundi skuli kjósa kjörnefnd og uppstillingarnefnd.

Halldór Oddsson lögmaður, fyrrum starfsmaður ASÍ verður fundarstjóri. Tillaga um að halda Deloitte sem endurskoðunarskrifstofu var samþykkt af öllum á fundinum. Þórður Höskuldsson hjá Outcom mun halda utan um kosningarmál en hann hefur áður verið og með kerfi sem virkar vel sem og kennir öllum á hvernig á að kjósa í gegnum símann ef þess

þarf. Ritari aðalfundar verður Halldór Arnar Guðmundsson. Þá var gerð krafa um að fundargerðir skuli skilað innan ákveðins tíma. Samþykkt var af öllum að fundargerð aðalfundar skuli liggja fyrir innan eins mánaðar frá fundi.

#### **4. Yfirlitsskýrsla Fagfélaganna**

Farið var yfir yfirlitsskýrslu Fagfélaganna og borið saman félög sem eru innan fagfélaganna.

#### **5. Sjúkrasjóður**

Farið var yfir stöðu sjúkrasjóðs og mikla aukningu í sjúkradagpeningum. Sjúkrasjóður hafi samþykkt breytingar sem þeir töldu vera nauðsynlegar.

Í dag greiðir VM 90% af tekjum í 150 daga (5 mánuðir) en önnur félög innan ASÍ greiða yfirleitt 80% í 120 daga (4 mánuðir). Tillaga var lögð fram um að lækka greiðslutímabil í 120 daga en heimila 30 daga aukalega ef fólk er líklegt til að koma aftur til starfa. Lækkunin mun hafa lítil áhrif á tekjuflæði félagsmanna. Lífeyrissjóðir greiða ekki bráðabirgðaörorku fyrr en lokið hefur verið við allar greiðslur frá stéttarfélagi en í það fyrsta eftir 3 mánuði. Þar með myndu lífeyrissjóðir koma fyrr inn.

Einnig var samþykkt að hækka frjósemisstyrk úr þremur meðferðum í fjórar.

#### **6. Viðræður við FIT**

Farið var yfir viðræður sem verið hafa í gangi við FIT

#### **7. Önnur mál**

Greenfit:

Rætt var um Greenfit og hvort það ætti að styrkja það. Greenfit telst ekki heilbrigðisþjónusta heldur bjóða þeir upp á heilsumælingar og líkamsrækt. Félagsmenn geta því nýtt heilsustyrkinn sinn í það.

Fjárhagsáætlun:

Farið var yfir fjárhagsáætlun. Upp komu spurningar um mun á ársreikningnum frá 2024 og því sem lagt var fram á fundinum, einkum rekstrartekjur. Skýrt var að áætlanir tækju aðeins mið af félagssjóði en ársreikningar innihéldu einnig sjúkrasjóð og orlofssjóð. Bent var á að á síðasta fundi var hluti liða í gjaldfærðum áhöldum og rekstur bifreiða autt en búið er að fylla inn í. Verið er að stefna að því að skila afgangi eins og reynt hefur ávallt að

gera. Skylda er að áætlun liggja fyrir hjá endurskoðanda. Fjárhagsáætlun var samþykkt af öllum.

Önnur mál:

Heimilt er fyrir áhöfn að óska eftir að vera á sjó um páska gegn því að bæta við dögum við sjómannadagsfríið.

**Formlegum fundi slitið: Kl. 11:36**

Fundargerð ritaði: Ástrós Brynjarsdóttir